



### Fundargerð

Þriðjudaginn 20. október 2009 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Björn Magnússon, Héðinn Sigurðsson, Rafn Sigurbjörnsson, Auður H. Sigurðardóttir og Magnús B. Jónsson.

Formaður stjórnar, Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrir fundinum lá fundargerð stjórnar dags. 24. ágúst sl. sem var samþykkt og undirrituð af fundarmönnum.

#### 2. Fjármál og rekstur

a) Yfirlit rekstrar fyrstu þriggja ársfjórðunga 2009.

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir rekstur samstæðu Félags- og skólaþjónustunnar fyrstu 9 mánuði ársins. Annarsvegar var um að ræða rekstrarreikning og hins vegar aðalbók fjárhagsbókhalds. Yfirlitið var ekki endurskoðað eða afstemmt en lagt fram fyrst og fremst til að meta stöðu út frá megninlínunum í rekstri byggðasamlagsins. Samkvæmt yfirlitinu er reksturinn almennt í jafnvægi og sumt kemur betur út en áætlað var.

b) Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009

Fyrir fundinum lá tillaga að endurskoðaðri áætlun Félags- og skólaþjónustunnar. Samkvæmt tillögunni minnkar halli á rekstri samstæðunnar frá fyrri áætlun um 10.564 þús. og gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðu verði neikvæð um 8.609 þús. Betri rekstrarniðurstaða byggir m.a. á áætlaðri betri rekstrarstöðu Sæborgar. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögununar er gert ráð fyrir að handbært fé lækki um 10.577 þús en í fyrri tillögu var reiknað með lækkun á handbæru fé um 17.041 þús. Ný tillaga mun því ekki hafa áhrif á framlög sveitarfélaga á árinu. Tillaga að endurskoðaðri áætlun var samþykkt.

c) Forsendur fjárhagsáætlunar 2010

Stjórn ræddi forsendur fjárhagsáætlunar vegna rekstrar 2010. Eftirfarandi var samþykkt:

- Að miða almennt við 5% verðlagshækkunir en að teknu tilliti til hugsanlegra magnbreytinga og breytinga á rekstri.
- Að miða við áætlun um endurbætur á vatnslögn í Sæborg og málun Hnitbjarga.
- Að miða tekjur Sæborgar við tekjur áranna 2008-2009
- Að gera ráð fyrir 3% lækkun á framlögum vegna málefna fatlaðra samkvæmt þeim breytingum sem hafa verið boðaðar af SSNV í málaflokkum.
- Að kostnaður falli til vegna breytinga í húsnæðismálum starfseminnar.



d) Tryggingar vegna starfsemi.

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir kostnað og fyrirkomulag trygginga byggðasamlagsins. Við yfirtöku á verkefnum héraðsnefndar fylgdu með ákveðnar tryggingar frá VÍS en áður hafði Félagsþjónusta A-Hún gert samning við TM um tryggingapakka.

Heildarkostnaður Félags- og skólaþjónustu vegna trygginga er um 308 þús. á árinu 2009. Samþykkt að segja upp tryggingum og bjóða heildarpakka út.

### 3. Utanhússviðgerðir á Hnitbjörgum.

Samantekt Verkþjónustu Hjalta slf. um utanhússviðgerðirnar lá fyrir fundinum. Í samantektinni er áætlaður kostnaður við múr og steypuviðgerðir, málu og annan utanhússfrágang á húseigninni Hnitbjörgum.

Stjórnin ræddi fyrirliggjandi samantekt og samþykkti að láta vinna verklýsingu og útboðsgögn en vísaði frekari ákvörðunum til gerðar fjárhagsáætlunar.

### 4. Kosning í nefnd á vegum SSNV

Á ársþingi SSNV var samþykkt að skipa starfshóp sem kanna á möguleika á frekara samstarfi og samþættingu félags- og skólaþjónustu á Norðurlandi vestra. Þingið fól stjórn SSNV að leita eftir tilnefningu tveggja fulltrúa úr Austur Húnavatnssýslu. Þeirri tilnefningu hafa sveitarstjórnir í A-Hún beint til stjórnar Félags- og skólaþjónustu. Samþykkt að tilnefna:

Ólöfu Birnu Björnsdóttur og Magnús B. Jónsson,

Til vara: Héðinn Sigurðsson og Björn Magnússon

### 5. Erindi til fjárlaganefndar vegna Sæborgar

Fyrir fundinum lá bréf sem Magnús hafið ritað fjárlaganefndar þar sem óskað er eftir eftir aukafjárveitingu til að rétta af halla á rekstri dvalar- og hjúkrunarheimilisins Sæborgar á Skagaströnd.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir eða athugasemdir vegna þess.

### 6. Húsnæðismál Félags og skólaþjónustu, þarfagreining

Fyrir fundinum lá samantekt sem Auður félagsmálastjóri hafði gert til að skilgreina húsnæðisþörf Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Greiningin var unnin í tilefni af því að í boði er annað rými í HSB fyrir félags- og skólaþjónustuna þar sem hægt er að rúma bæði félagþjónustu- og skólaþjónustupættina saman. Meðfylgjandi þarfagreiningunni voru uppdraettir af því rými sem er til umræðu. Samþykkt að halda áfram vinnu við kostnaðargreiningu á verkefninu og láta vinna tæknilegt mat á breytingum húsnæðis og kostnaði við það.



### 7. Málefni aldraðra

#### a) Kosning í þjónustuhóp aldraðra

Kosið er í þjónustuhópinn skv. lögum um málefni aldraðra 125/1999.

Í 7. gr. laganna kemur m.a. fram að: „sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. [Yfirlæknir heilsugæslu tilnefnir lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarforstjóri heilsugæslu tilnefnir hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu.] Sveitarstjórnir skipa án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna“. Samþykkt að skipa Auði H. Sigurðardóttur og Rafn Sigurbjörnsson. Samþykkt að Auður gegni formennsku í þjónustuhópnum. Samþykkt að fela Auði að kalla eftir tilnefningum annarra í þjónustuhópinn.

#### b) Dagvist aldraðra

Fyrir fundinum lágu gögn sem félagsmálastjóri hafði tekið saman um forsendur og kostnað vegna dagvistar árið 2006. Héðinn greindi frá því að hann hafi rætt við Gunnar Sandholt í Skagafirði um rekstur dagvistar. Einnig kom fram að Auður hafði skoðað þann rekstur. Talsverð umræða varð um möguleika til dagvistar og helstu forsendur sem gætu orðið fyrir þeim rekstri. Héðinn tók að sér að skoða málið áfram og kalla til aðstoð félagsmálastjóra eftir efnum og ástæðum.

### 8. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 15.10

\_\_\_\_\_  
Héðinn Sigurðsson,

\_\_\_\_\_  
Auður H. Sigurðardóttir

\_\_\_\_\_  
Rafn Sigurbjörnsson,

\_\_\_\_\_  
Björn Magnússon

\_\_\_\_\_  
Magnús B. Jónsson